



## Spákonan

**Spákonan** spáir fyrir og ályktar um innihald texta út frá myndum, myndatexta og tegundum texta:

- Áður en lestur hefst.
- Meðan á lestri stendur.
- Að loknum lestri.

Þegar unnið er með frásögn snýst spáin um hvað gerist næst í frásögninni.

Þegar unnið er með staðreyndir byggir spáin á eigin þekkingu á efninu.



## Fréttamaðurinn

**Fréttamaðurinn** er notaður meðan á lestri stendur og að honum loknum. Hann spyr spurninga úr textanum á þrjá vegu:

- Beinna spurninga þar sem svarið finnst í textanum.
- Á milli línanna. Svarið finnst með því að draga ályktanir út frá vísbendingum í textanum og tengja þær saman.
- Út fyrir textann þar sem svarið liggur hjá lesandanum sjálfum, þekkingu hans og reynslu.



## Spæjarinn

**Spæjarinn** leitar eftir nýjum orðum, orðasamböndum og atriðum í texta sem skýra þarf nánar meðan lesið er. Hann:

- Leitar að merkingu orða og orðasambanda, t.d. með því að nota orðabækur og spyrjast fyrir.
- Les textann til að finna merkingu orða út frá samhenginu.
- Leitar eftir samlíkingu orða við önnur orð.
- Athugar hvort orðin eru samsett.
- Kannar orðflokkinn.
- Nýtir fyrri þekkingu sína á efninu.



## Listamaðurinn

**Listamaðurinn** myndar innri myndir af því sem lesið er. Með hjálp skynfæranna lifir hann sig inn í textann, hann sér, heyrir og finnur það sem felst í textanum.

- Sérðu ...?
- Finnurðu ...?
- Heyrir þú ...?
- Þekkir þú ...?
- Er hægt að lýsa þessu öðruvísi ...?

Listamaðurinn er notaður meðan lesið er.



## Kúrekinn

**Kúrekinn** dregur saman aðalatriðin í textanum:

- meðan lesið er
- að lestri loknum.

Þetta er mikilvægur liður í náminu. Hægt er að nýta myndræna framsetningu við að greina aðalatriðin bæði í skáldsögum og fræðitexta.



Spákonan



Fréttamaðurinn



Spæjarinn



Listamaðurinn



Kúrekinn